



Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð

Efni: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um yfirvinnubann í leikskólum - R20010311

Á fundi borgarráðs 23. janúar 2020 var lögð fram fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um yfirvinnubann í leikskólum Reykjavíkurborgar.

Yfirvinnubann er í gildi í leikskólum Reykjavíkur. Hver er ástæða þess að yfirvinnubannið var sett á? Hvenær tók það gildi og hversu lengi mun yfirvinnubannið standa?

Svar:

Yfirvinnubann er ekki í gildi í leikskólum Reykjavíkur. Leikskólum eru úthlutaðar fjárheimildir til greiðslu launa, innri leigu og annars rekstrarkostnaðar. Laun samanstanda af grunnlaunum, undirbúningstíma og afleysingu (sem er greidd sem yfirvinna). Það geta komið upp aðstæður hjá leikskólum þar sem afleysing er meiri en fjárheimildir gera ráð fyrir. Í þeim tilfellum getur yfirvinna verið meiri en áætlað er og í þeim tilfellum er hún greidd eins og önnur afleysing.

Virðingarfyllt

Helgi Gímsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs